


Samp. endanlegt eintak. kv.

11.04.05

*Alþingi
Erindi nr. P 131/1589
komudagur 22.4.2005*



SIGLINGASTOFNUN

Stefnumótun 2005-2010

Inngangur

Endurskoðun á stefnumótun fyrir Siglingastofnun Íslands sú er hér birtist hefur verið í vinnslu og undirbúningi frá því í maí 2003.

Lagt hefur verið upp með það að taka mið af þeirri vinnu sem framkvæmd hefur verið af hálfu stofnunarinnar undanfarin misseri og má þar nefna gerð starfsánægjukönnunar sem gerð var meðal starfsmanna og þjónustukönnunar sem gerð var meðal okkar viðskiptavina. Þessir tveir mikilvægu þættir hafa reynst dýrmætir við undirbúning að stefnumótun fyrir stofnunina. Ennfremur hefur verið reynt að fanga flest það sem komið hefur fram á sameiginlegum fundum með starfsmönnum, sérfræðingum og í þeirri hópavinnu sem sett var upp. Loks var lagt upp með það að þessi stefnumótun gangi ekki í berhöggi við hefðina og söguna heldur bætist ofan á þann grunn sem hér hefur verið lagður á undarförnum árum.

Stefnumótunin endurspeglar ennfremur þær kvaðir og þá lagaskyldu sem á stofnuninni hvílir og má þar sérstaklega nefna samgönguáætlun sem líta má á sem verkefnavegvísi til framtíðar. Þannig er endurskoðuð stefna byggð að nokkru á þeim góðu gildum, menningu og starfsháttum sem hér hafa þróast en einnig er reynt að leitast við að breyta núverandi veikleikum í styrkleika. Gert er ráð fyrir því að þessi grunnur að stefnumótun geti staðið næstu 5-10 árin miðaða við nokkuð óbreytta starfsemi.

Í því sem á eftir fer er leitast við að skýra hlutverk og framtíðarsýn stofnunarinnar þannig að starfsemin geti gagnast samfélaginu á sem bestan hátt í nútíð og framtíð. Sett eru fram gildi fyrir stofnunina sem hún vill hafa í hávegum hvorttveggja gagnvart starfsfólki og viðskiptavinum sínum. Stuðningsstefnur hafa ennfremur verið endurskoðaðar með tilliti til nútímans þar sem sett er fram starfsmannastefna, jafnréttisáætlun, siðareglur og gæðastefna svo eitthvað sé nefnt. Jafnframt hafa verið sett fram skýr meginmarkmið og deilimarkmið fyrir stofnunina og einstök svið hennar og leitast þannig við að finna heppilega mælikvarða til að mæla árangur stofnunarinnar til lengri og skemmri tíma.

Í tengslum við þessa vinnu hefur ennfremur verið ráðist í endurskoðun á verkþókhaldi stofnunarinnar og sú aðferðafræði sem beitt er, er sett fram sem stuðningsstefna. Lögð er áhersla á það að verkþókhaldið spili saman við verkefnaáætlun stofnunarinnar sem gerð skal fyrir hvert ár. Í verkefnaáætlun skal gerð grein fyrir útfærslu á verkefnum og kostnaður áætlaður fyrir hvert verkefni í samræmi við fjárheimildir ársins. Í verkþókhaldinu er haldið utan um kostnað við einstök verkefni sem síðan er borinn saman við verkefnaáætlunina. Með þessu móti mun verkefnaáætlunin og verkþókhaldið áfram nýtast sem eitt helsta stjórnþæki stofnunarinnar.

Með sanni er hægt að segja að allir starfsmenn hafi komið að þessari vinnu á einhverjum stigum og þannig lagt sitt af mörkum við gerð þessarar stefnumótunar fyrir stofnunina. Við erum því afskaplega stolt af því að leggja fram þessa sameiginlegu vinnu okkar allra og teljum að það leggi grunninn að farsælu framhaldi.

Stefnumótunin

Hér að neðan gefur að líta leiðarljós fyrir stofnunina sem á að vera lýsandi fyrir starfsemina og það sem við viljum standa fyrir. Hlutverk stofnunarinnar er skilgreint og lögð er áhersla á að það sé skiljanlegt, hnitmiðað og lýsandi. Mikilvægt er að þau gildi sem stofnunin stendur fyrir séu í takt við menningu stofnunarinnar og lýsi því sem starfsmenn fylgja að öllu jöfnu í daglegum störfum. Þau eru helst ótímabundin, góð tilfinning fyrir gildum einfaldar okkur að ná þeim markmiðum sem við stefnum sameiginlega að. Framtíðarsýn er sett fram til næstu 5 til 10 ára þar sem sameinlegum framtíðarmarkmiðum er lýst. Loks er í þessum kafla sett fram yfirlit yfir meginmarkmið sem er lýsing á því hvernig við viljum framfylgja hlutverki okkar og stefnu og ná fram þeirri framtíðarsýn sem sett hefur verið fram.

Leiðarljós

Í örugga höfn

Hlutverk

Siglingastofnun Íslands er framsækin þjónustustofnun sem skapar hagkvæmar aðstæður til siglinga og fiskveiða og vinnur að öryggi á sjó og strandsvæðum.

Gildi

Samvinna, þjónusta, frumkvæði og heilindi

Framtíðarsýn

Siglingastofnun Íslands mun:

- *vinna að öryggi og aukinni velferð sjófarenda*
- *vinna að hagkvæmni í siglingum, sjávarútvegi og samgöngum*
- *reka öflugustu upplýsinga- og leiðsöguþjónustu í N-Atlantshafi*
- *starfa sem viðurkennd þekkingar- og rannsóknarmiðstöð á sviði siglinga- og hafnamála*
- *veita framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf á sérsviðum stofnunarinnar*
- *vera virkur þátttakandi í mótun heildarstefnu stjórnvalda um samgöngur, skip, hafnir, strandlengju og umhverfismál sjávar*
- *vera virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi*

Meginmarkmið


- *Að veita viðskiptavinum öfluga fyrsta flokks þjónustu*
- *Hafa á að skipa ánægðu og vel menntuðu starfslíði*
- *Að byggja reksturinn á góðri nýtingu fjárheimilda, öflugri áætlanagerð og eftirfylgni*
- *Að innra starf stofnunarinnar sé skilvirk*
- *Stuðla að hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri hafna, leiðsögukerfa og annarar öryggisþjónustu fyrir skip*
- *Stuðla að því að lög og reglur um siglingamál tryggi sem best öryggi sjófarenda og séu jafnan í samræmi við samfélagsþarfir*
- *Að sinna eftirlitshlutverki sínu með þryði*
- *Að vinna að rannsóknum og gagnaöflun á sérsviðum stofnunarinnar*
- *Tryggja að alþjóðlegar reglur taki mið af íslenskum hagsmunum*

Endurskoðuð stefnumótun

Á yfirlitsmynd hér að neðan er gerð tilraun til þess að setja fram á myndrænan hátt í fyrsta lagi hlutverkið, framtíðarsýnina og gildin. Í öðru lagi öll meginmarkmið sem sett hafa verið fram, í þriðja lagi helstu verkefni stofnunarinnar og loks yfirlit yfir áætlanir og aðgerðir. Þetta á að gefa heildstæða mynd af stefnunni og þeim þáttum sem hún byggir á.

Siglingastofnun Íslands

Í örugga höfn



Stuðningsstefnur

Fjallað er sérstaklega um stuðningsstefnur í viðaukum við þessa skýrslu. Þeim er ætlað að fylla út í og styðja við þá heildarmynd sem stefnumótunin byggir á. Í þessu sambandi er starfsmannastefnan mjög fyrirferðamikill og mikilvæg og er ætlað að styðja við þá nauðsynlegu starfsánægju sem fyrir hendi þarf að vera. Starfsmannastefnu, jafnréttisáætlun og siðareglur má sjá í viðauka I,II og III. Rekstur- og fjármál, innkaupastefnu, upplýsingastefnu, gæðastefnu og öryggisstefnu má sjá viðauka IV, V, VI, VII og VIII.

Deilimarkmið fyrir öll svið og yfirstjórn

Þegar meginmarkmið liggja fyrir þarf að útfæra þau nánar. Það er gert með því að setja fram deilimarkmið. Hér að neðan gefur að líta deilimarkmið sem gilda fyrir öll svið og alla starfsemi stofnunarinnar sem mikilvægt er að allir hafi í huga í daglegum störfum. Ennfremur eru sett fram sérstök deilimarkmið sem yfirstjórn er ætlað að uppfylla.

Deilimarkmið fyrir öll svið

- Að þekking, fagmennska og þjónustulund sé höfð að leiðarljósi við úrlausn verkefna
- Að 75% viðskiptavina séu ánægðir með þjónustu Siglingastofnunar
- Að 80% viðskiptavina telji þjónustu Siglingastofnunar áreiðanlega
- Að uppitími tölvukerfa sé 99,7% á ársgrundvelli
- Að 90% erinda almenns eðlis sem berast stofnuninni sé svarað innan 14 daga
- Að einkunnin starfsandi verði 4,0
- Að einkunnin trúverðugleiki stjórnenda verði í 3,6
- Að markvisst sé unnið að skráningu og meðferð kvartana sem stofnuninni berast og að 65% viðskiptavina verði ánægð með úrlausn þeirra
- Að í daglegum störfum noti starfsmenn að jafnaði skjalavistunar-hugbúnað stofnunarinnar
- Að ferðareikningum sé skilað samþykktum til bókhaldsins innan 7 daga ferðalokum
- Að greinargerðum vegna funda erlendis sé skilað innan 14 daga frá ferðalokum

Yfirstjórn deilimarkmið

- Að framkvæma á þriggja ára fresti kannanir til að mæla ánægju viðskiptavina
- Að framkvæma á tveggja ára fresti kannanir sem mæla starfsánægju starfsmanna
- Að fundir í yfirstjórn séu haldnir að jafnaði 20 sinnum á ári
- Að hvert svið haldi a.m.k. 4 fundi á ári með öllum starfsmönnum viðkomandi sviðs
- Að almennir upplýsingafundir með starfsmönnum séu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári
- Að hvert svið leggi til efni í a.m.k. 3 greinar á ári í fréttabréf og eða á heimasíðu stofnunarinnar
- Að samráðsfundir við samgönguráðuneyti séu haldnir í það minnsta ársfjórðungslega
- Að vinna með ráðuneytum samgöngu- og fjármála að traustu og hagkvæmu mati á fjárþörf fyrir Siglingastofnunar og raunhæfri framsetningu í fjárlögum
- Að rekstrar- og verkefnaáætlun fyrir stofnunina sé ávallt tilbúinn í desember ár hvert

Deilimarkmið einstakra sviða

Hér gefur að líta deilimarkmið einstakra sviða en líta má á þau sem einskonar vörður eða viðmiðanir í lok áfanga sem stefnt er að. Þegar einu deilimarkmiði er náð, tekur annað við og svo koll af kolli og þannig þokast stofnunin áfram og færast nær framtíðarsýninni.

Rekstrarsvið deilimarkmið

- Að stuðlað verði að öflugri upplýsingamiðlun innan sviðsins með skilvirkri miðlun upplýsinga
- Að starfsmenn sviðsins verði gerðir ábyrgari fyrir framkvæmd eigin verksviðs og meðvitaðri um hlutverk sitt innan sviðsins og um meginmarkmið stofnunarinnar
- Að þjónusta rekstrarsviðs við önnur svið og stofnunina í heild t.d. vegna tölvurekstrar, húsnæðis og lóðar sé hnökralaus og starfsmenn séu ánægðir með hana
- Að uppitími einstakra hluta upplýsingakerfisins um veður og sjólag sé a.m.k. 95%
- Að uppitími einstakra hluta vita og leiðsögukerfa sé a.m.k. 96%
- Að upplýsinga- og tölvukerfi stofnunarinnar svári kröfum tímans og að ávallt sé til staðar besti búnaður til að sinna verkefnum
- Að samvinnu og eftirliti með vaktstöð siglinga sé framfylgt samkvæmt samningi þar um

Hafnasvið deilimarkmið

- Að vera leiðandi á sviði hafnagerðar. Það er gert með því að starfsmenn verði menntaðir á svið hafnagerðar og öðlist reynslu á því sviði
- Að staðið sé við framkvæmdaáætlanir vegna sjóvarna
- Að fylgst sé með þróun og framförum í hafnagerð og almennum tækninýjungum
- Að slysum í höfnum fækki
- Að 80% af útboðsgögnum séu villulaus
- Að allar hafnarastöður sem falla undir ISPS uppfylli kröfur
- Að heildarkostnaður við 90% hafnaframkvæmda verði undir fjárhagsramma ríkisins, samkvæmt samgönguáætlun
- Að verktakakostnaður við 90% hafnarframkvæmda verði ekki innan við 110% af samningsupphæð verktaka
- Að lokauppgjör einstakra framkvæmda fari fram innan 3 mánaða frá verklokum

Rannsókn- og þróunarsvið deilimarkmið

- Að eflar verðir rannsóknir á náttúrufari hafs og stranda, öryggi sjófarenda og mannvirkjagerð á ströndinni
- Að byggja upp sérfræðipekkingu með það að markmiði að verða leiðandi á sínu sviði
- Að laða til samstarfs við sviðið færustu sérfræðinga bæði innlenda og erlenda
- Að stuðla að ráðstefnuhaldi bæði innanlands og utan
- Að upplýsingakerfið um sjólag, veður og sjávarfallastrauma verði ávallt byggt á nýjustu rannsóknum
- Að verkefni frá rannsóknanefnd sjóslysa séu afgreidd innan setts tímaramma
- Að fylgt verði áætlun um öryggi sjófarenda
- Að öllum rannsóknaverkefnum ljúki með greinargerð

Skipaeftirlitssvið deilimarkmið

- *Að tæknileg þekking á ákvæðum videigandi reglugerða sé til staðar við yfirferð samþykkt tæknilegra gagna og í skipaeftirliti*
- *Að í 75% tilfella verði nýjar reglur og reglugerðarbreytingar komnar að fullu til framkvæmda við fyrstu skoðun að ári liðnu*
- *Að framkvæmdar verði skyndiskodanir á 5 % af haffærum skipum á árs grundvelli*
- *Að stuðla að lágmarkun mengunar frá skipum með skyndiskodunum á sorp- og olíudagbókum til að ganga úr skugga um skil á úrgangi og að í 95% tilfella séu engin frávik*
- *Að hafa umsjón með að nýliðafræðsla og björgunaræfingar fari fram um borð í skipum með skyndiskodunum og að í 95% tilfella séu engin frávik*
- *Að verkferlar / verklagsreglur / verkefnalýsingar séu til fyrir öll megin verkefna sviðsins*
- *Að framkvæmd sé árlega úttekt á starfssemi skoðunarstofa og að eftirlit með flokkunarfélögum sé í samræmi við kröfur ESB*
- *Að framkvæmt verði hafnarrikiseftirlit um borð í 25% af þeim skipum sem koma til íslenskra hafna*
- *Að árlega sé framkvæmt eitt átaksverkefni sem sé grundvallað á niðurstöðum skoðana eða utanaðkomandi ábendinga*

Skrifstofusvið deilimarkmið

- *Að vefsíðan verði til fyrirmyndar við miðlun upplýsinga*
- *Að skjalakerfi stofnunarinnar sé skýrt, aðgengilegt og öflugt stjórnþæki*
- *Að bóka- og tímaritasafn styrki starfsemina og verði skráð í samvinnu við önnur tæknisöfn þannig að hámarks samþætting upplýsinga fái st*
- *Að öll kynning og fræðsla verði veitt með faglegum og samræmdum hætti*
- *Að starfsfólki bjóðist bragðgóð og næringarrík fæða í aðlaðandi umhverfi*
- *Að svartími skiptiborðs verði sem allra stytstur og upplýsingar sem þangað er leitað séu traustar og ábyggilegar*
- *Að nýjustu forrit verði nýtt við starfsmannahald hvort sem er á sviði launaútreiknings eða skráningu annarra mannaúðspátta*
- *Að stofnunin eflist af mannauði í samvinnu við önnur svið og þangað sé jafnóðum miðlað reynslu og þekkingu til styrktar framsækinnar starfsmannastefnu*
- *Að allir reikningar verði afgreiddir fyrir gjalddaga*
- *Að bókhald stofnunarinnar sé öflugt stjórnþæki sem með skýrri og nútímalegri framsetningu gefi stjórnendum færi á skilvirkri fjármálastjórnun*

Stjórnsýslusvið deilimarkmið


- Að sviðsfundir séu haldnir að jafnaði mánaðarlega
- Að rekstraráætlun sviðsins liggi fyrir í október hvert ár
- Að alltaf liggi ljóst fyrir hver gegni störfum í forföllum annars
- Að bæta kynningu á lögum og reglum innan stofnunarinnar og utan hennar
- Að taka upp gagnvirk eyðublöð vegna umsókna um skírteini, mönnun, undanþágur ofl.
- Að fá gæðavottun skv. ISO 9001 vegna skírteinisútgáfu skv. STCW
- Að gera lög og reglur aðgengilegri á heimasíðunni
- Að gera ýmsar upplýsingar aðgengilegar á heimasíðunni, t.d. skipaskrá, lögskráningu sjómanna, skírteinishafa, handahafa farþegaleyfa og lista yfir skoðunaraðila skipa og búnaðar.
- Að stytta afgreiðslutíma skírteina

Stefnukort

Stefnukortinu hér að neðan er ætlað að lýsa rökréttu samhengi milli þeirra markmiða sem stofnunin hefur sett sér svo stofnunin geti af kostgæfni sinnt hlutverki sínu. Ef litið er til fjármála í stefnukortinu sem og stefna varðandi uppbyggingu verkefnabókhalds. Aðrar stefnur styðja við þá mynd sem dregin er upp hér að framan um innra starf þar sem upplýsingastefnan og gæðastefnan gegna mikilvægu hlutverki.

Siglingastofnun

Stefnukort



VIÐAUKI I

STARFSMANNASTEFNA SIGLINGASTOFNUNAR ÍSLANDS

- Siglingastofnun stefnir að því að hafa jafnan á að skipa hæfum og áhugasömum starfsmönnum svo tryggja megi nauðsynlegt frumkvæði í störfum og góða þjónustu.
- Stofnunin vill tryggja starfsmönnum bestu starfsskilyrði og möguleika á að vaxa og dafna í starfi jafnframt því að skapa þeim aðstæður til að samræma starf og fjölskyldulíf.
- Starfsmannastefnunni er ætlað að vera til hvatningar og upplýsingar fyrir alla starfsmenn og lýsa þeim vilja að stofnunin sé góður vinnustaður þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstillti og ábyrgu fólki í anda jafnræðis.
- Í stjórnunarstefnu Siglingastofnunar felst jákvætt viðhorf til starfsmanna og málefna þeirra. Mikilvægi þessa endurspeglast í sérstakri áherslu yfirstjórnar á málaflokkinn og virkri þátttöku starfsmanna í ákvarðanatöku og stefnumótun.
- Í umboði siglingamálastjóra fer skrifstofusvið með daglega stjórnun og mótun reglna um starfsmannamál. Sviðið samræmir einnig vinnu annarra sem koma að starfsmannamálum innan stofnunarinnar.
- Yfirmenn hafa þá skyldu að hafa í heiðri starfsmannastefnuna og sjá til þess að farið sé að reglum og fyrirmælum bæði með tilliti til hagsmuna stofnunarinnar og starfsmannsins.
- Löggjöf á hverjum tíma, reglur, fyrirmæli og kjarasamningar mynda ramma um ákvarðanir um starfsmannamál. Það er stefna Siglingastofnunar að virða í hvívetna lagalegar og samningsbundnar skyldur sínar og fara eftir þeim reglum og kjarasamningum sem gilda hverju sinni.
- Til framgangs stefnunar setur siglingamálastjóri þær reglur sem nauðsynlegar eru og skulu þær endurspeglar stefnu þessa.

VIÐAUKI II

JAFNRÉTTISÁÆTLUN SIGLINGASTOFNUNAR ÍSLANDS

Í anda laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, hefur Siglingastofnun Íslands (SÍ) sett sér eftirfarandi áætlun um hvernig komið skuli á og viðhaldið jöfnum rétti kvenna sem karla í starfsemi stofnunarinnar. Áætlunin er sett til nánari fyllingar ákvæðum um sama efni í starfsmannastefnu Siglingastofnunar.

Markmið

Markmið jafnréttisáætlunarinnar er að stuðla að jafnrétti kynjanna, jafnri stöðu og virðingu kvenna og karla innan SÍ, ennfremur að minna stjórnendur og starfsmenn á mikilvægi þess að allir fái notið sín án tillits til kynferðis. Mikilvægt er að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla.

Í öllu starfi SÍ skal unnið gegn viðhorfum sem leiða til aðstöðumunar kvenna og karla í þjófúfélaginu. Jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna er virkur þáttur í starfsmannastefnu SÍ.

Siglingastofnun leggur áherslu á eftirfarandi :

Að þess sé gætt við ákvörðun launa að kynjum sé ekki mismunað. Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu þau njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Að konur komi til jafns við karlmenn að mótun stefnu SÍ og taki þátt í starfshópum og vinnunefndum, er efnt er til um málefni hennar og/eða verkefni.

Að í auglýsingum verði störf ókyngreind og að kynningarefni höfði jafnt til kvenna sem karla.

Að stefna að sem jöfnustu hlutfalli kynja í störfum og gæta þess við úthlutun verkefna, tilfærslu og framgangs að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kynferðis.

Að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar.

Að gera starfsmönnum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða með annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við verður komið.

Að starfsmaður geti leitað til jafnréttisfulltrúa með mál er varða hvers kyns áreitni og misrétti.

VIÐAUKI III

SÍÐAREGLUR STARFSMANNA SIGLINGASTOFNUNAR ÍSLANDS

Við virðum trúnað og gætum þagmælsku varðandi atriði sem við fáum vitneskju um í starfi okkar og leynt eiga að fara.

Við rækjum starf okkar af alúð og samviseusemi, gætum kurteisi, lipurðar og réttssýni og veitum þeim er til okkar sækja aðstoð og leiðbeiningar.

Við erum ábyrg fyrir ákvörðunum, árangri og háttsemi.

Við byggjum ákvarðanir á hlutlægum rökum og gætum jafnræðis.

Við virðum aðgang almennings að upplýsingum og stöndum vörð um gegnsæi stjórnsýslunnar.

Við gætum réttssýni við úrlausn mála og misbeitum ekki valdi okkar.

Við misnotum ekki stöðu okkar, sjálfum okkur eða öðrum til ávinnings.

Við hlýðum löglegum fyrirmælum yfirmanna og gegnum skyldum okkar.

VIÐAUKI VII

GÆÐASTEFNA SIGLINGASTOFNUNAR ÍSLANDS

Það er stefna Siglingastofnunar Íslands að tryggja öryggi og velferð sjófarenda, ásamt því að koma í veg fyrir að hafið og auðlindir þess spillist af völdum mengunar frá skipum.

Stofnunin veitir viðskiptavinum sínum alhliða þjónustu og tryggir aðgang að upplýsingum og þekkingu sem eru á verksviði hennar með gæði að leiðarljósi.

Stofnunin og starfsmenn hennar munu leitast við að halda uppi réttum gæðum og tryggja að fyllsta hlutleysis sé gætt. Þannig verði mætt væntingum viðskiptavina og stjórnvalda.

Stofnunin mun kappkosta að hafa yfir að ráða hæfu starfsfólki og viðurkenndum aðföngum.

Stofnunin leggur áherslu á menntun og þjálfun starfsfólks til að viðhalda réttum gæðum og aukinni gæðavitund.

Stofnunin beitir sér fyrir því, að starfsmenn sýni gott viðmót og veiti góða þjónustu.

Mælikvarði á þjónustugæði er stuttur biðtími eftir þjónustu, og jákvætt viðhorf viðskiptavina í þjónustukönnunum.

Stofnunin stuðlar að því að aðgengi allra starfsmanna að almennum upplýsingum um reksturinn sé gott.

Stofnunin mun fara að kröfum og bæta stöðugt virkni gæðastjórnunarkerfisins.

Siglingamálastjóri er ábyrgur fyrir því að allir starfsmenn stofnunarinnar þekki og skilji gæðastefnuna og hafi hana að leiðarljósi í sínu starfi.

VIÐAUKI VIII

ÖRYGGISSTEFNA SIGLINGASTONFUNAR ÍSLANDS

Siglingastofnun Íslands (SÍ) mun við mótun og útfærslu stefnu sinnar í öryggismálum hafa hliðsjón af staðlinum :

ÍST ICO/IEC 177799 – Starfsvenjur fyrir stjórnun upplýsinga sem eru grundvöllur skipulags og viðhaldsaðgerða sem standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika gagna og upplýsingakerfa.

Aðalatriði öryggisstefnunnar eru sem hér segir :

- SÍ vill hámarka öryggi upplýsinga í sinni vörslu m. t. t. leyndar, réttleika og tiltækileika. Stjórnun upplýsingaöryggis er hluti af gæðakerfi.
- SÍ fylgir lögum, reglum og leiðbeiningum fyrir stjórnun upplýsingaöryggis og viðhalds ráðstafana sem standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika gagna og upplýsingakerfa.
- Stefna SÍ í öryggismálum er bindandi fyrir alla starfsmenn og nær til allra sem veita stofnuninni þjónustu.
- Allir starfsmenn og þjónustuaðilar SÍ er skuldbundnir til að vernda gögn og upplýsingakerfi gegn óheimiluðum aðgangi, notkun, breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, tapi eða flutningi.
- SÍ eflir virka öryggisvitund starfsmanna, þjónustuaðila, viðskiptavina og gesta.
- SÍ stuðlar að framfylgd stefnunnar með ráðstöfunum sem miðast við störf og ábyrgð viðkomandi einstaklinga.
- SÍ framkvæmir reglulega áhættugreiningu til þess að ákveða hvort frekari aðgerða sé þörf.
- SÍ tekur árlega saman skýrslu um framkvæmd og virkni öryggisstefnunnar.
- Starfsmönnum og þjónustuaðilum, núverandi og fyrrverandi, er óheimilt að veita upplýsingar um innri mál SÍ, viðskiptamanna eða annarra starfsmanna.
- Stefnu þessa skal endurskoða eins oft og tilefni er til en þó eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

VIÐAUKI VI

UPPLÝSINGASTEFNA SIGLINGASTOFNUNAR ÍSLANDS

Vegna hlutverks Siglingastofnunar Íslands, skyldna við stjórnvöld, almenning og starfsmenn og í samræmi við lög og reglur sem og stefnur og straua hins upplýsta samfélags hefur stofnunin sett sér eftirfarandi meginmarkmið í söfnun, miðlun og dreifingu upplýsinga um starfsemi sína :

Að stefna SÍ í upplýsingamálum og almannatengslum sé skýr og ljós, bæði stjórnvöldum, stjórnendum SÍ og starfsmönnum.

Að ábyrgð og verkaskipting innan stofnunarinnar í upplýsingamálum sé gangsæ og auðveldi markvisst og faglegt upplýsingastarf.

Að starfsmenn hafi góða þekkingu á starfsemi stofnunarinnar og stefnu.

Að almenningur og fjölmiðlar eigi þess kost að fylgjast með stefnu og starfsemi SÍ til skilningsauka á ákvörðunum hennar og forsendum þeirra.

Að auðvelda almenna þátttöku í umræðu um starfsemi SÍ og verkefni.

Að auka gagnkvæmt traust í samskiptum við stofnunina.

Nánari útfærsla

Stofnunin á jafnan frumkvæði að miðlun upplýsinga um starfsemi sína, stefnu og þjónustu.

Stjórnendur hver á sínu starfssviði bera ábyrgð á allri miðlun upplýsinga er varða starfsemi og þjónustu, markverðar nýjungar og breytingar bæði inn á við og út á við. Skulu þeir og aðrir starfsmenn veita sem gleggstar upplýsingar um hlutverk og þjónustu stofnunarinnar.

Almenning og fjölmiðlum skal gefinn kostur á að fylgjast með ákvörðunum og aðgerðum stofnunarinnar og hafa aðgang að upplýsingum og gögnum í samræmi við upplýsingalög og góða stjórnsýsluhætti.

Upplýsingar sem stofnunin veitir og gögn sem ætla má að varði almenning skulu vera aðgengilegar, skiljanlegar og áreiðanlegar.

Allt efni og kynningar sem frá stofnuninni kemur skal auðkennt með merki hennar.